

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/9/EB**frá 3. mars 1997****um bótakerfi fyrir fjárfesta(*)****EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFI,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum Peningamálastofnunar Evrópu ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 18. desember 1996,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 10. maí 1993 samþykkti ráðið tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta ⁽⁵⁾. Sú tilskipun er grundvallarskjal fyrir tilkomu innri markaðarins fyrir fjárfestingarfyrirtæki.
- 2) Í tilskipun 93/22/EBE eru settar varfærnisreglur sem fjárfestingarfyrirtækjum er ávallt skylt að fara eftir, þar með taldar reglur til að vernda, eins og kostur er, rétt fjárfesta í tengslum við fé eða skjöl sem tilheyra þeim.
- 3) Ekkert eftirlitskerfi getur þó veitt fulla vernd, einkum ef svik eru höfð í frammi.

4) Til að unnt sé að koma hinum innri markaði á til fulls og til að starfsemi hans verði sem skyldi er mikilvægt að vernda fjárfesta og viðhalda tiltrúnni á fjármálakerfið. Því er nauðsynlegt að hvert aðildarríki um sig komi á bótakerfi fyrir fjárfesta sem tryggi að minnsta kosti samhæfða lágmarksvernd fyrir minni fjárfesta ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess.

5) Með þessu móti geta minni fjárfestar keypt fjárfestingarþjónustu hjá útibúum fjárfestingarfyrirtækja bandalagsins, eða á grundvelli þjónustu yfir landamæri, með jafnmiklu öryggi og hjá innlendum fjárfestingarfyrirtækjum í þeirri vissu að þeim gefist kostur á samhæfðri lágmarksvernd ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess.

6) Hafi slík lágmarkssamhæfing ekki átt sér stað gæti gistiríki talið sig geta með réttu gert þá kröfu, í því skyni að vernda fjárfesta, að fjárfestingarfyrirtæki annarra aðildarríkja gerist aðilar að bótakerfi þess ef fyrirtækin eru með útibú eða veita þjónustu yfir landamæri og tilheyra ekki bótakerfi fyrir fjárfesta í heimaríki sínu eða tilheyra kerfi sem telst ekki veita samsvarandi vernd. Þessi krafa gæti skaðað starfsemi innri markaðarins.

7) Þótt til sé einhvers konar bótafyrirkomulag fyrir fjárfesta í flestum aðildarríkjunum nær þetta fyrirkomulag yfirleitt ekki til allra fjárfestingarfyrirtækja sem eru handhavar leyfis sem gildir alls staðar í bandalaginu og kveðið er á um í 93/22/EBE.

8) Því er rétt að krefjast þess að í hverju aðildarríki sé til eitt eða fleiri bótakerfi fyrir fjárfesta sem öll slík fjárfestingarfyrirtæki verða að tilheyra. Hvert kerfi um sig verður að ná til fjármuna og skjala sem fjárfestingarfyrirtæki hefur í vörslu sinni í tengslum við fjárfestingarstarfsemi fjárfestis og ekki er unnt að skila fjárfestinum ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess. Þetta hefur engin áhrif á reglur og málsmeðferð í hverju aðildarríki um sig að því er varðar ákvarðanir sem taka þarf vegna gjaldþrots eða slita fjárfestingarfyrirtækis.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 84, 26. 3. 1997, bls. 22, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 321, 27. 11. 1993, bls. 15 og Stjtið. EB nr. C 382, 31. 12. 1994, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 127, 7. 5. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Álit var skilað 28. júlí 1995.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 19. apríl 1994 (Stjtið. EB nr. C 128, 9. 5. 1994, bls. 85), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. október 1995 (Stjtið. EB nr. C 320, 30. 11. 1995, bls. 9) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1996 (Stjtið. EB nr. C 96, 1. 4. 1996, bls. 28). Ákvörðun ráðsins frá 17. febrúar 1997 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. C 85, 17. 3. 1997).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 141, 11. 6. 1993, bls. 27.

- 9) Lánastofnanir, sem hafa heimild til að veita fjárfestingarþjónustu, falla undir skilgreiningu á fjárfestingarfyrirtæki. Einnig verður að gera þá kröfu að allar þessar lánastofnanir tilheyri bótakerfi fyrir fjárfesta að því er varðar fjárfestingarstarfsemi þessara stofnana. Þó er ekki nauðsynlegt að krefjast þess að lánastofnun af þessu tagi tilheyri tveimur mismunandi kerfum ef eitt kerfi uppfyllir bæði skilyrði þessarar tilskipunar og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi ⁽¹⁾. Þegar um er að ræða fjárfestingarfyrirtæki sem eru lánastofnanir getur í sumum tilvikum reynst erfitt að greina milli innlána, sem tilskipun 94/19/EB nær til, og peninga í vörslu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi. Aðildarríkin ættu sjálf að geta ákveðið hvor þessara tveggja tilskipana skuli gilda um slíkar kröfur.
- 10) Samkvæmt tilskipun 94/19/EB má aðildarríki undanþiggja lánastofnun þeirri skyldu að tilheyra innlánatryggingakerfi ef stofnunin tilheyrir kerfi sem ver hana sjálfa og tryggir einkum gjaldhæfi hennar. Ef lánastofnun, sem tilheyrir slíku kerfi, er einnig fjárfestingarfyrirtæki ætti aðildarríkjunum einnig að vera heimilt, með ákveðnum skilyrðum, að undanþiggja stofnunina þeirri skyldu að tilheyra bótakerfi fyrir fjárfesta.
- 11) Samhæfðar lágmarksbætur, sem nema 20 000 ekum á hvern fjárfesti, ættu að nægja til að verja hagsmuni minni fjárfesta ef fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um að standa við skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum sem eru viðskiptamenn þess. Því virðist hæfilegt að ákveða að samhæfðar lágmarksbætur verði 20 000 ekur. Eins og í tilskipun 94/19/EB kann að vera þörf á afmörkuðu fyrirkomulagi til bráðabirgða til að bótakerfin geti uppfyllt þessa kröfu þar eð hún nær einnig til aðildarríkja sem hafa ekki slíkt bótakerfi á þeim tíma sem þessi tilskipun hlýtur samþykki.
- 12) Sama fjárhæð var samþykkt í tilskipun 94/19/EB.
- 13) Til að hvetja fjárfesta til að sýna tilhlýðilega aðgætni í vali sínu á fjárfestingarfyrirtækjum er rétt að heimila aðildarríkjunum að krefjast þess að fjárfestar beri hluta af hugsanlegu tapi. Þó skal fjárfestir vera tryggður fyrir að minnsta kosti 90% af tapi sínu ef bæturnar sem koma til greiðslu eru lægri en lágmark bandalagsins.
- 14) Kerfi sumra aðildarríkja bjóða tryggingu sem er hærri en samhæfð lágmarksvernd samkvæmt þessari tilskipun. Þó virðist ekki æskilegt að gera kröfu um að þessum kerfum verði breytt að því er þetta varðar.
- 15) Ef í bandalaginu verða áfram kerfi sem bjóða tryggingu sem er hærri en hið samhæfða lágmark getur það leitt til þess að innan sama svæðis verði bætur mismunandi og samkeppnisskilyrði ólík hjá innlendum fjárfestingarfyrirtækjum annars vegar og útibúum fyrirtækja frá öðrum aðildarríkjum hins vegar. Til að vega upp þessa ókosti þurfa útibú að hafa heimild til að tengjast tryggingakerfum gistiríkisins svo að þau geti boðið fjárfestum sínum sömu tryggingu og tryggingakerfin í löndunum þar sem útibúin eru staðsett. Í skýrslu sinni um beitingu þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina að hve miklu leyti útibúin hafa nýtt sér þennan möguleika og um þá erfiðleika sem þau eða bótakerfin fyrir fjárfesta kunna að hafa lent í við framkvæmd þessara ákvæða. Þá er það ekki útilokað að kerfi í heimaríkinu geti sjálf veitt þessa viðbótatryggingu í samræmi við skilmála þeirra kerfa.
- 16) Það getur leitt til markaðsröskunar ef útibú fjárfestingarfyrirtækja með staðfestu í öðru aðildarríki en upprunaríki sínu bjóða hærri tryggingu en fjárfestingarfyrirtæki sem hafa fengið leyfi í gistiríkinu. Það er ekki viðeigandi að fjárhæð eða umfang tryggingar af hálfu bótakerfa sé notað sem samkeppnistæki. Því er nauðsynlegt, að minnsta kosti í fyrstu, að ákveða að trygging, sem kerfi í heimaríkinu býður fjárfestum í útibúum í öðru aðildarríki, verði hvorki hærri né víðtækari en tryggingin sem samsvarandi kerfi í gistiríkinu býður. Fljótlega verður að meta hugsanleg áhrif til röskunar á markaðinum með hliðsjón af fenginni reynslu og þróun í fjármálakerfinu.
- 17) Telji aðildarríki að vissir flokkar fjárfestinga eða fjárfesta, sem eru sérstaklega tilgreindir í skrá, hafi ekki þörf fyrir sérstaka tryggingu, á það að geta útilokað þá flokka frá bótakerfum fyrir fjárfesta.
- 18) Sum aðildarríki hafa bótakerfi fyrir fjárfesta sem eru á vegum fagsamtaka. Í öðrum aðildarríkjum eru kerfi stofnsett og starfrækt samkvæmt lögum. Þessi mismunandi grunnur kerfanna veldur ekki erfiðleikum nema þegar um er að ræða skylduaðild eða útilokun frá kerfum. Það þarf því að setja reglur til að takmarka vald kerfanna á þessu sviði.
- 19) Ekki mega verða ónauðsynlegar tafir á því að fjárfestir fái greiddar bætur eftir að staðfest hefur verið að krafa hans til þeirra sé lögmæt. Í bótakerfinu verður að vera unnt að setja sanngjörn tímamörk fyrir kröfugerð. Ekki skal vera hægt að nota það gegn fjárfesti að fresturinn sé útrunninn ef hann hefur af góðum og gildum ástæðum ekki getað sett fram kröfu sína í tæka tíð.
- 20) Mikilvægur þáttur í að vernda fjárfesta er að upplýsa þá um bótafyrirkomulagið. Í 12. gr. tilskipunar 93/22/EBE er þess krafist að fjárfestingarfyrirtæki upplýsi fjárfesta um möguleikann á því að nýta sér bótakerfi áður en það hefur viðskipti við þá. Því ber í þessari tilskipun að setja reglur um upplýsingar til hugsanlegra fjárfesta um bótakerfi sem tekur til fjárfestingarstarfsemi þeirra.

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5.

- 21) Þó kann óheft tilvísun til fjárhæða og umfangs bótakerfis í auglýsingaskyni að hafa áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og tiltrú fjárfesta. Því ber aðildarríkjunum að setja reglur sem takmarka slíkar tilvísanir.
- 22) Samkvæmt tilskipuninni er það meginregla að öll fjárfestingarfyrirtæki tengist bótakerfi fyrir fjárfesta. Tilskipanir um rekstrarleyfi fjárfestingarfyrirtækja með höfuðstöðvar utan bandalagsins, einkum tilskipun 93/22/EBE, gefa aðildarríkjum kost á að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum útibú slíkra fjárfestingarfyrirtækja fái leyfi til reksturs á yfirráðasvæði þeirra. Slík útibú njóta ekki ákvæða annarrar málsgreinar 59. gr. sáttmálans um frjáls þjónustuviðskipti né heldur ákvæða um staðfesturétt í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu. Aðildarríki, sem veitir slíkum útibúum rekstrarleyfi, skal ákveða með hvaða hætti meginreglur þessarar tilskipunar taka til slíkra útibúa í samræmi við 5. gr. tilskipunar 93/22/EBE, með vernd fjárfesta og heilbrigði fjármálakerfisins í huga. Það er mjög mikilvægt að fjárfestar í slíkum útibúum hafi fulla vitneskju um bótakerfið sem þeir falla undir.
- 23) Ekki er bráðnauðsynlegt að samhæfa í þessari tilskipun leiðir til fjármögnunar bótakerfa fyrir fjárfesta, meðal annars vegna þess að fjárfestingarfyrirtækin verða að jafnaði sjálf að bera kostnaðinn við fjármögnun slíkra kerfa og einnig vegna þess að fjárhagsleg geta kerfanna verður að vera í samræmi við bótaskuldbindingar þeirra. Þetta má samt ekki stefna stöðugleika fjármálakerfis hlutaðeigandi aðildarríkis í hættu.
- 24) Þessi tilskipun getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart fjárfestum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum sem eru opinberlega viðurkennd og tryggja að fjárfestar fái bætur eða vernd í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.
- 25) Að lokum er lágmarkssamhæfing á bótafyrirkomulagi fyrir fjárfesta nauðsynleg til þess að tilkoma innri markaðarins fyrir fjárfestingarfyrirtæki verði að veruleika þar eð slík samhæfing eykur traust fjárfesta á fjárfestingarfyrirtækjum sem þeir eiga viðskipti við, einkum fyrirtækjum frá öðrum aðildarríkjum, og gerir kleift að forðast erfiðleika sem upp kunna að koma þegar gistiland beitir innlendum reglum til verndar fjárfestum sem hafa ekki verið samræmdar á vettvangi bandalagsins. Bindandi tilskipun bandalagsins er eina viðeigandi leiðin til að ná því marki sem stefnt er að þar eð almennt er skortur á bótafyrirkomulagi fyrir fjárfesta sem veitir samsvarandi tryggingu og tilskipun 93/22/EBE. Með þessari tilskipun tekur einungis gildi nauðsynleg lágmarkssamhæfing; tilskipunin gefur aðildarríkjunum kost á að krefjast víðtækari eða hærri tryggingar ef þau óska þess og veitir þeim um leið nauðsynlegt svigrúm viðvíkjandi skipulagningu og fjármögnun bótakerfa fyrir fjárfesta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fjárfestingarfyrirtæki“: fjárfestingarfyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
 - sem hefur starfsleyfi í samræmi við 3. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
 - sem hefur leyfi til að starfa sem lánastofnun í samræmi við tilskipun ráðsins 77/780/EBE ⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 89/646/EBE ⁽²⁾, enda taki leyfið til einnar eða fleiri tegunda þeirrar fjárfestingarþjónustu sem talin er upp í A-þætti í viðaukanum við tilskipun 93/22/EBE;
2. „fjárfestingarstarfsemi“: fjárfestingarþjónusta eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE og sú þjónusta sem um getur í 1. lið C-þáttar í viðaukanum við þá tilskipun;
3. „skjöl“: skjölin sem eru talin upp í B-þætti í viðaukanum við tilskipun 93/22/EBE;
4. „fjárfestir“: hver sá sem hefur falið fjárfestingarfyrirtæki í hendur fé eða skjöl í tengslum við fjárfestingarstarfsemi;
5. „útibú“: starfsstöð, sem er hluti af fjárfestingarfyrirtæki, án réttarstöðu lögpersónu sem veitir þá fjárfestingarþjónustu sem fjárfestingarfyrirtækið hefur fengið leyfi fyrir; allar þær starfsstöðvar sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum fjárfestingarfyrirtækis sem hefur höfuðstöðvar sínar í öðru aðildarríki ber að telja sem eitt útibú;
6. „sameiginleg fjárfestingarstarfsemi“: fjárfesting fyrir hönd tveggja eða fleiri aðila eða sem tveir eða fleiri aðilar eiga hlut í þannig að einn eða fleiri þessara aðila geta ráðstafað fjárfestingunni með undirskrift sinni;
7. „lögbær yfirvöld“: yfirvöldin sem skilgreind eru í 22. gr. tilskipunar 93/22/EBE; ef við á mega þessi yfirvöld vera þau sömu og skilgreind eru í 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Fyrsta tilskipun ráðsins 77/780/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30).

Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 89/646/EBE (Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

⁽²⁾ Önnur tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE (Stjtið. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52.

2. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá til þess að á yfirráðasvæði þess verði komið á einu eða fleiri bótakerfum fyrir fjárfesta sem eru viðurkennd af stjórnvöldum. Að undanskildum þeim tilvikum sem um segir í annarri undirgrein og í 3. mgr. 5. gr. má ekkert fjárfestingarfyrirtæki með leyfi í viðkomandi aðildarríki stunda fjárfestingarstarfsemi nema það tilheyri slíku bótakerfi.

Aðildarríki má þó veita lánastofnun, sem þessi tilskipun gildir um, undanþágu frá þeirri skyldu að tilheyra bótakerfi fyrir fjárfesta ef stofnunin hefur þegar undanþágu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/19/EB frá þeirri skyldu að tilheyra innlána-tryggingakerfi, svo fremi fjárfestar fái sömu vernd og upplýsingar og innistæðueigendur og með sömu skilmálum þannig að fjárfestar eigi vísa tryggingu sem er ekki síðri en sú trygging sem bótakerfið fyrir fjárfesta veitir.

Aðildarríki, sem nýta sér þennan kost, skulu greina framkvæmdastjórninni frá því; þau skulu einkum skýra frá því í hverju verndarkerfin felast og hvaða lánastofnanir heyri undir þau, að því er þessa tilskipun varðar, og frá öllum breytingum sem kunna að verða á innsendum upplýsingum. Framkvæmdastjórnin greinir ráðinu frá þessu.

2. Bótakerfið veitir fjárfestum tryggingu í samræmi við 4. gr., ef:

- lögbær yfirvöld hafa ákvarðað að viðkomandi fjárfestingarfyrirtæki sé að þeirra dómi að sinni ekki fært um að standa við þær skuldbindingar sem fylgja kröfu fjárfesta af ástæðum er tengjast beint fjárhagslegri stöðu þess og verði það ekki í náinni framtíð,

eða

- dómstóll hefur af ástæðum, er tengjast beint fjárhagslegri stöðu fjárfestingarfyrirtækisins, kveðið upp úrskurð sem frestar um tíma möguleikum fjárfesta til að leggja fram kröfu á hendur því,

og er sá atburðurinn, sem á undan fer, lagður til grundvallar.

Veita skal tryggingu fyrir kröfum sem stafa af því að fjárfestingarfyrirtæki reynist ófært um:

- að endurgreiða fé sem fjárfestar eiga eða sem tilheyrr þeim og er í vörslu fyrirtækisins fyrir þeirra hönd í tengslum við fjárfestingarstarfsemi,

eða

- skila fjárfestum skjölum sem tilheyra þeim og eru í vörslu fjárfestingarfyrirtækisins eða fyrirtækið hefur umsjón eða umsjón með fyrir þeirra hönd í tengslum við fjárfestingarstarfsemi,

í samræmi við viðeigandi skilyrði í lögum eða samningum.

3. Ef lögð er fram krafa samkvæmt 2. mgr. á lánastofnun sem fellur í tilteknu aðildarríki bæði undir þessa tilskipun og tilskipun 94/19/EB skal aðildarríkið vísa henni til kerfis sem fellur undir aðra hvora þessara tilskipana, eftir því hvor tilskipunin aðildarríkinu þykir eiga við. Ekki skal greiða bætur samkvæmt báðum tilskipunum fyrir sömu kröfu.

4. Reikna skal fjárhæð kröfu fjárfestans í samræmi við þau skilyrði í lögum eða samningum, einkum um skuldajöfnun og gagnkröfur, sem voru í gildi daginn sem ákvarðað var eða úrskurðað, eins og um getur í 2. mgr., og taka til mats á fjárhæð eða verði, sem er ákvarðað með tilliti til markaðsverðs, þegar unnt er, þeirra skjala sem tilheyra fjárfestanum og fjárfestingarfyrirtækið er ófært um að endurgreiða eða skila.

3. gr.

Ekki skal greiða bætur samkvæmt bótakerfi fyrir fjárfesta fyrir kröfur sem má rekja til viðskipta er tengjast refsíðómum fyrir peningaþvætti, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis (*).

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að bótakerfin veiti tryggingu sem nemur að minnsta kosti 20 000 ekum fyrir hvern fjárfesti að því er varðar kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 2. gr.

Ef trygging er lægri en 20 000 ekur á þeim tíma sem þessi tilskipun er samþykkt mega aðildarríki halda sig við þessa lægri tryggingu fram til 31. desember 1999 enda sé hún ekki lægri en 15 000 ekur. Þessi kostur skal einnig standa til boða þeim aðildarríkjum sem falla undir bráðabirgðaákvæði annarrar undirgreinar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 94/19/EB.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að vissir fjárfestar skuli útilokaðir frá tryggingakerfinu eða að trygging þeirra skuli vera lægri. Þessar útilokanir eru skráðar í I. viðauka.

3. Þessi grein kemur ekki í veg fyrir að gömul ákvæði séu látin standa eða ný samþykkt sem fela í sér hærri eða víðtækari tryggingu fyrir fjárfesta.

4. Aðildarríkin geta takmarkað trygginguna, sem kveðið er á um í 1. mgr. eða þá sem um getur í 3. mgr., við ákveðinn hundradshluta af kröfu fjárfesta. Tryggði hundradshlutinn skal þó vera minnst 90% af kröfunni ef fjárhæðin, sem greiða skal samkvæmt bótakerfinu, er lægri en 20 000 ekur.

5. gr.

1. Ef fjárfestingarfyrirtæki, sem er skylt að tilheyra bótakerfi samkvæmt 1. mgr. 2. gr., uppfyllir ekki skyldur sínar sem aðili að kerfinu skal tilkynna það lögbæru yfirvöldunum sem veittu því leyfi og skulu þau, í samvinnu við bótakerfið, gera allar viðeigandi ráðstafanir, að meðöldu því að setja viðurlög, til að tryggja að fjárfestingarfyrirtækið uppfylli skyldur sínar.

(*) Stjtið. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77.

2. Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að fjárfestingarfyrirtækið uppfylli skyldur sínar getur bótakerfið tilkynnt að það hafi í hyggju að útiloka fjárfestingarfyrirtækið frá aðild að kerfinu, svo fremi útilokun aðila sé leyfileg samkvæmt landslögum, með skýru samþykki lögbærra yfirvalda og minnst tólf mánaða fyrirvara. Fjárfestingarstarfsemi, sem fer fram á þessu tímabili, verður áfram tryggð af kerfinu samkvæmt 2. mgr. 2. gr. Ef fjárfestingarfyrirtækið hefur ekki uppfyllt skyldur sínar þegar fresturinn rennur út getur bótakerfið, aftur með skýru samþykki lögbærra yfirvalda, látið útilokunina koma til framkvæmda.

3. Fjárfestingarfyrirtæki, sem er útilokað frá aðild að bótakerfi fyrir fjárfesta, getur haldið áfram að veita fjárfestingarþjónustu, ef landslög heimila það og ef lögbæru yfirvöldin, sem veittu því leyfi, hafa veitt skýrt samþykki sitt, svo fremi það hafi komið á öðru bótafyrirkomulagi fyrir útilokunina sem sér fjárfestum fyrir að minnsta kosti jafnmikilli tryggingu og kerfið sem stjórnvöld hafa viðurkennt og hefur einnig samsvarandi eiginleika og bótakerfið.

4. Ef fjárfestingarfyrirtæki, sem lagt er til að verði útilokað samkvæmt 2. mgr., getur ekki komið á öðru fyrirkomulagi til að uppfylla skilyrðin í 3. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin þegar í stað afturkalla leyfið sem þau veittu fyrirtækinu.

6. gr.

Þegar leyfi fjárfestingarfyrirtækis hefur verið afturkallað skal halda áfram að veita tryggingu samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 2. gr. að því er varðar fjárfestingarstarfsemi sem átti sér stað fyrir þann tíma sem leyfið var afturkallað.

7. gr.

1. Bótakerfi fyrir fjárfesta, sem eru stofnsett og viðurkennt af stjórnvöldum í aðildarríki í samræmi við 1. mgr. 2. gr., skulu einnig ná til fjárfesta í útibúum er fjárfestingarfyrirtæki hafa komið sér upp í öðrum aðildarríkjum.

Fram til 31. desember 1999 má veitt trygging hvorki vera hærri né viðtækari, meðal annars hvað hundraðshluta varðar, en sú hámarkstrygging sem er veitt af tilsvareandi bótakerfi á yfirráðasvæði gistiríkisins. Fyrir þann dag skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu á grundvelli fenginnar reynslu af beitingu þessarar undirgreinar og 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 94/19/EB, sem um getur hér að framan, og meta hvort þörf sé á því að halda þessum ákvæðum. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu að tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið um lengri gildistíma þessara ákvæða.

Ef tryggingin í bótakerfi gistiríkisins verður hærri og viðtækari, meðal annars hvað hundraðshluta varðar, en sú trygging sem er veitt í aðildarríkinu þar sem fjárfestingarfyrirtækið hefur fengið leyfi, skal gistiríkið sjá til þess að á yfirráðasvæði þess sé bótakerfi sem stjórnvöld hafa viðurkennt og útibú getur tengst að eigin vild til viðbótar þeirri tryggingu sem fjárfestar hennar njóta þegar vegna aðildar útibúsins að kerfi heimaríkisins.

Kerfið, sem útibúið tengist, skal tryggja þann flokk stofnana sem útibúið tilheyrir eða stendur honum næst í gistiríkinu.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sett séu hlutlaus og almenn skilyrði fyrir aðild útibúa að öllum bótakerfum fyrir fjárfesta. Útibú getur aðeins gerst aðili ef það uppfyllir viðeigandi skyldur er varða aðild, þar á meðal greiðslur á öllum framlögum og öðrum gjöldum. Aðildarríkin skulu fylgja þeim meginreglum sem koma fram í II. viðauka, við framkvæmd þessarar málsgreinar.

2. Ef útibú, sem hefur að eigin vild gerst aðili að bótakerfi samkvæmt 1. mgr., uppfyllir ekki þær skyldur er það hefur sem aðili að bótakerfi fyrir fjárfesta skal lögbæru yfirvöldunum, sem veittu því leyfi, tilkynnt það og skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í samvinnu við bótakerfið til að tryggja að útibúið uppfylli framangreindar skyldur sínar.

Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að útibúið uppfylli skyldurnar sem um getur í þessari grein getur bótakerfið, að liðnum mest tólf mánaða fyrirvara og með samþykki lögbæru yfirvaldanna, sem veittu leyfið, útilokað útibúið frá kerfinu. Fjárfestingarstarfsemi, sem á sér stað fyrir þann dag sem útilokunin kemur til framkvæmda, er tryggð áfram af bótakerfinu sem útibúið var sjálfviljugur aðili að. Fjárfestum skal greint frá því að viðbótartryggingin falli niður og hvaða dag hún falli úr gildi.

8. gr.

1. Tryggingin, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., skal gilda um samanlagðar kröfur fjárfesta á hendur sama fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt þessari tilskipun, óháð fjölda reikninga, gjaldmiðli eða staðsetningu innan bandalagsins.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að ákveða að fjármunir í öðrum gjaldmiðli en gjaldmiðlum aðildarríkjanna og ekum fái ekki tryggingu eða fái lægri tryggingu. Þessi kostur skal ekki gilda um skjöl.

2. Í sameiginlegri fjárfestingarstarfsemi skal tekið tillit til hlutar hvers fjárfestis við útreikning tryggingarinnar sem kveðið er á um í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr.

Ef ekki eru til sérstök ákvæði hér um skiptist krafan jafnt milli fjárfesta.

Aðildarríkin geta ákveðið að leggja megi saman kröfur og meðhöndla, að því er varðar útreikning á mörkunum sem kveðið er á um í 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., eins og fjárfestingu eins fjárfestis ef þær tengjast sameiginlegri fjárfestingarstarfsemi sem tveir eða fleiri eiga hlut í sem þátttakendur í sameignarfélagi, eða samtökum svipaðs eðlis, sem hefur ekki stöðu lögpersónu.

3. Ef fjárfestir á ekki ótvíræðan rétt til fjárhæða eða skjala sem eru í vörslu skal sá sem á ótvíræðan rétt til þeirra fá bæturnar, að því tilskildu að staðfest hafi verið, eða unnt sé að staðfesta, hver hann sé fyrir þann dag sem ákvörðunin var tekin eða úrskurðurinn, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., féll.

Ef tveir eða fleiri eiga ótvíræðan rétt skal hlutur hvers þeirra, með hliðsjón af þeim ákvæðum er gilda um umsjón fjárhæðanna eða skjalanna, tekinn til greina þegar mörkin í 1., 3. og 4. mgr. eru reiknuð út.

Þetta ákvæði gildir ekki um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu.

9. gr.

1. Bótakerfið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa fjárfesta um ákvörðunina eða úrskurðinn sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og greiða þeim, eins skjótt og unnt er, bætur sem þeir kunna að eiga rétt á. Bótakerfið getur sett frest sem fjárfestar hafa til að leggja fram kröfur sínar. Þessi frestur má ekki vera styttri en fimm mánuðir frá þeim degi, sem framangreind ákvörðun var tekin eða úrskurður féll, eða frá þeim degi sem ákvörðunin eða úrskurðurinn var gerður opinber.

Bótakerfið getur þó ekki neitað fjárfesti um greiðslu bóta með tilvísun til þess að fresturinn sé útrunninn hafi hann ekki getað sett fram kröfu sína á hendur bótakerfinu í tæka tíð.

2. Bótakerfið verður að geta greitt kröfur fjárfestis eins skjótt og unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lögmæti og fjárhæð kröfu er staðfest.

Við sérstakar aðstæður og í undantekningartilvikum getur bótakerfi sótt um lengri frest til lögbærra yfirvalda. Slík framlenging má ekki vera lengri en þrír mánuðir.

3. Þrátt fyrir frestinn sem um getur í 2. mgr. má tryggingakerfið draga greiðslu þar til dómsúrskurður liggur fyrir ef fjárfestir eða annar einstaklingur, sem á rétt á eða hlut í fjárfestingarstarfsemi, hefur sætt ákæru fyrir lögbrot í tengslum við peningaþvætti eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar 91/308/EBE.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hvert fjárfestingarfyrirtæki geri viðeigandi ráðstafanir til að veita núverandi og væntanlegum fjárfestum nauðsynlegar upplýsingar um hvaða bótakerfi fyrir fjárfesta viðkomandi fjárfestingarfyrirtæki og útibú þess innan bandalagsins eru aðilar að, eða um önnur hugsanleg kerfi sem eru notuð, sbr. aðra undirgrein 1. mgr. 2. gr. eða 3. mgr. 5. gr. Fjárfestar skulu upplýstir um ákvæði varðandi bótakerfið fyrir fjárfesta eða um önnur hugsanleg kerfi, meðal annars um það hversu há og víðtæk tryggingin sé sem býðst í bótakerfinu og um þær reglur sem aðildarríkin kunna að hafa sett samkvæmt 3. mgr. 2. gr. Þessar upplýsingar skulu liggja fyrir á auðskildu máli.

Ef farið er fram á það skal einnig veita upplýsingar um skilyrðin fyrir greiðslu bótafjárhæðar og formsatriðin sem þarf að ganga frá í því sambandi.

2. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu liggja fyrir á þann hátt sem landslög mæla fyrir um, á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er.

3. Aðildarríkin skulu setja reglur sem takmarka notkun í auglýsingaskyni á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. til að koma í veg fyrir að slík notkun hafi áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins eða tiltrú fjárfesta. Einkum geta aðildarríkin takmarkað slíkar auglýsingar við beinar vísanir til þess kerfis sem fjárfestingarfyrirtækið er aðili að.

11. gr.

1. Hvert aðildarríki skal kanna hvort útibú, sem eru stofnuð af fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar utan bandalagsins, hafi samsvarandi tryggingu og mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Ef svo er ekki geta aðildarríkin mælt svo fyrir að útibú, sem eru stofnuð af fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar utan bandalagsins, skuli gerast aðilar að starfandi bótakerfi fyrir fjárfesta á yfirráðasvæði þeirra, sbr. þó 5. gr. tilskipunar 93/22/EBE.

2. Núverandi og væntanlegir fjárfestar í útibúum, sem eru stofnuð af fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar utan bandalagsins, skulu fá allar viðeigandi upplýsingar frá fjárfestingarfyrirtækinu um þau bótakerfi sem tryggja fjárfestingar þeirra.

3. Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í 2. mgr., skulu liggja fyrir á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er, á þann hátt sem landslög mæla fyrir um og á skýru og skiljanlegu máli.

12. gr.

Bótakerfi, sem greiða bætur til fjárfesta, skulu hafa rétt til að ganga inn í kröfuréttindi fjárfestanna við skiptameðferð sem svarar til fjárhæðarinnar sem greidd er án þess að þetta hafi að öðru leyti áhrif á þau réttindi sem kerfin kunna að hafa samkvæmt landslögum.

13. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að réttur fjárfesta til bóta feli í sér að fjárfestir hafi möguleika á að kæra bótakerfið.

14. gr.

Framkvæmdastjórninni ber, eigi síðar en 31. desember 1999, að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar og, ef við á, tillögur um endurskoðun hennar.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. september 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Ákvæði 12. gr. tilskipunar 93/22/EEC falli hér með úr gildi frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 15. gr.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. DE BOER

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÚTILOKANIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 4. GR.

1. Fjárfestar sem hafa fjárfestingu að atvinnu og stofnanafjárfestar, þar með talið:
 - fjárfestingarfyrirtæki, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
 - lánastofnanir, sbr. fyrsta undirlið 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE,
 - fjármálastofnanir, sbr. 6. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE,
 - váttryggingafyrirtæki,
 - fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu,
 - ellilífeyris- og eftirlaunasjóðir.

Aðrir fjárfestar sem hafa fjárfestingu að atvinnu og stofnanafjárfestar.
2. Yfirríkjastofnanir, ríkisstjórnir og ráðuneyti og aðrar ríkisstofnanir.
3. Héraðs-, svæðis- og bæjarstjórnir.
4. Forstjórar, framkvæmdastjórar og félagsmenn fjárfestingarfyrirtækja sem eru persónulega ábyrgir, eigendur minnst 5% af eigin fé fjárfestingarfyrirtækis, þeir sem bera ábyrgð á lögbundinni endurskoðun reikninga fjárfestingarfyrirtækis og fjárfestar með svipaða stöðu í öðrum fyrirtækjum í sömu samsteypu.
5. Náin skyldmennir og þriðju aðilar sem koma fram fyrir hönd fjárfesta sem um getur í 4. lið.
6. Önnur fyrirtæki í sömu samsteypu.
7. Fjárfestar er bera ábyrgð á eða hafa nýtt sér ákveðna málavexti, sem varða fjárfestingarfyrirtæki og hafa valdið fyrirtækinu fjárhagserfiðleikum eða átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu þess.
8. Félög sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja stytta efnahagsreikning samkvæmt 11. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjótið. EB nr. L 222, 14. 8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/8/EB (Stjótið. EB nr. L 82, 25. 3.1994, bls. 33).

II. VIÐAUKI

MEGINATRIÐI TIL HLIDSJÓNAR

(sem um getur í fimmta undirlið 1. mgr. 7. gr.)

Sæki útibú um aðild að viðbótartryggingakerfi gistiríkis, setja kerfi gistiríkisins og kerfi heimaríkisins tvíhliða viðeigandi verklagsreglur um greiðslur bóta til fjárfesta hjá því útibúi. Eftirfarandi meginatriði snerta bæði samningu þessara verklagsreglna og skilyrði fyrir aðild útibúsins (sbr. 1. mgr. 7. gr.):

- a) Kerfi gistiríkisins hefur áfram fullan rétt til að beita hlutlægum og almennum reglum sínum gagnvart fjárfestingarfyrirtækjum sem eru aðilar að því; það getur krafist viðeigandi upplýsinga og hefur rétt til að bera þær saman við upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu.
- b) Kerfi gistiríkisins verður við kröfum um viðbótarbætur ef lögbær yfirvöld heimaríkisins hafa tilkynnt því um ákvörðun eða úrskurð samkvæmt 2. mgr. 2. gr. Kerfi gistiríkisins hefur áfram ótakmarkaðan rétt til að ganga úr skugga um, í samræmi við staðla sína og verklagsreglur, hvort fjárfestir hafi rétt til viðbótarbóta áður en til greiðslu kemur.
- c) Kerfi heimaríkis og gistiríkis hafa náið samstarf sín á milli til að tryggja að fjárfestar fái strax greiddar réttar bótafjárhæðir. Þau skulu einkum semja um hvaða áhrif gagnkrafa, sem gæti gefið tilefni til skuldajöfnunar hjá öðru hvoru kerfinu, hafi á bætur sem hvort kerfið um sig greiðir fjárfestinum.
- d) Kerfi gistiríkisins hefur rétt til þess að láta útibúin greiða framlag vegna viðbótartryggingar og skal í því sambandi miðað við þá tryggingu sem kerfi heimaríkisins veitir. Til að auðvelda innheimtu slíks framlags hefur kerfi gistiríkisins rétt til að líta svo á að ábyrgð þess takmarkist ætíð við þá tryggingu sem það veitir umfram trygginguna sem heimaríkið veitir, óháð því hvort heimaríkið greiðir í reynd bætur vegna krafna fjárfesta á yfirráðasvæði gistiríkisins.